Barnið þitt var bitið!

Margir foreldrar óttast að heyra þessa setningu: ***„Barnið þitt var bitið í dag“*** og flestir bregðast við með að spyrja ***„hver gerði það?“***
Það skiptir ekki máli ***hver*** beit hvern heldur er mikilvægara að skilja ***hvers vegna*** einhver beit einhvern.
Fullorðnir gera þetta oft að persónulegu máli en oftast er það nú bara þannig að sá sem var bitinn var einfaldlega á röngum stað á röngum tíma.

Mörg börn á aldrinum 1-2ja ára bíta einhvern tímann og það er eðlileg hegðun á þessum aldri, rétt eins og að slá, sparka eða kasta hlutum.
Börn endurtaka oft „óviljandi“ hegðun ef hún vekur sterk viðbrögð.
Fullorðnir eiga oft erfitt með að umbera bit en hávær, dramatísk viðbrögð eða refsingar eru líklegri til að styrkja hegðunina en draga úr henni.



Af hverju bíta börn?

- Á þessum aldri eru börn að kanna hluti, líka með munninum.
- Of mikil örvun.
- Sjálfsvörn.
- Til að fá athygli.
- Til að fá það sem þau vilja (t.d. dót sem annað barn er með).

Hvað getum við gert?

- Fylgjumst með hvar og hvenær bitin eiga sér stað til að athuga hvort það sé eitthvað mynstur.
- Beinum athygli okkar að barninu sem var bitið frekar en barninu sem beit.
- Tökum börn afsíðis ef þau eru stjórnlaus.
- Skiptum börnunum meira upp í hópa til að draga úr aðstæðum þar sem bit gætu átt sér stað.
- Höldum ró okkar. Róleg en skýr og ákveðin viðbrögð gera barninu frekar ljóst að það er ekki í lagi að bíta.

Hafa í hendi/Skuggi
Þá fylgir kennari barninu í þeim aðstæðum sem líklegt er að barnið bíti (leikstund, fataklefi, útivera osfrv). Þannig er hægt að koma í veg fyrir bit og sýna/kenna barninu hvað það á að gera í staðinn ***(„ég sé að þig langar í þetta dót, segðu: Má ég fá? Má ég prófa?*** **eða** ***„Stopp“*** **eða** ***„Ég er með þetta“)***

Skráning

- Hver bítur hvern
- Hvar: tími, staður, önnur börn og kennarar
- Augljósar ástæður fyrir bitinu

Hvernig bregðumst við við?

1. Nálgumst rólega en ákveðið, stöðvum barnið sem beit og segjum ákveðið en ekki ásakandi***:“Það þarf að hætta að bíta“.***
2. Segjum**:“Það er ekki í lagi að bíta, það er svo vont. Ég þarf að hjálpa þér að hætta að bíta“**
3. Beinum athyglinni að barninu sem var bitið. Viðurkennum tilfinningar og líðan barnsins sem var bitið ***(„Ég veit að það er vont að vera bitin(n)/Það er ekki gott að vera bitin(n)“)***
4. Við neyðum barnið sem beit **ALDREI** til að segja fyrirgefðu en hvetjum það eða sýnum því hvað það getur gert fyrir barnið svo lengi sem bæði börnin eru samþykk. ***(„Ef þú vilt koma við X þá máttu gera svona*** (sýnum hvernig það má strjúka barninu“) en ásökum ekki.
5. Bjóðum barninu sem beit að bíta í þvottapoka, púða eða annað því það þarf að fá útrás fyrir tilfinningarnar.
6. Barnið sem bítur getur líka orðið óttaslegið, það er óþægilegt að missa stjórn á sér.

Íris Dögg Jóhannesdóttir HighScope kennari

HighScope-hugvekjan:
Barnið þitt var bitið!

Algengar spurningar

Af hverju bíta sum börn en önnur ekki? Við getum ekki svarað því. Það sem við getum gert er að fylgjast með hegðun barns sem bítur, lesa í aðstæðurnar og átta okkur á hvort það bíti alltaf við sömu aðstæður og hver ástæðan sé. **Langoftast er ástæðan sú að börn hafa ekki orðaforða til að tjá sig og þá er þetta ein leið til að fá vilja sínum framgengt**. Breytingar, veikindi, svefnleysi, pirringur, takmarkaður orðaforði eru meðal annars ástæður þess að barn bítur.	**Af hverju virðist barnið mitt alltaf vera bitið?** Hafa skal í huga að þér er ekki sagt frá þegar önnur börn en barnið þitt eru bitin. Börn sem eru ákveðin, þorin og félagslynd eru oftar í aðstæðum þar sem þau gætu verið bitin. Hins vegar (þótt það sé engin afsökun fyrir bitinu) þá gæti það verið að barnið þitt eigi upptökin. Það gæti hafa gert eitthvað á hlut barnsins sem beit (tekið af því leikfang, farið á undan á ákveðinn stað osfrv.)
Af hverju segið þið mér ekki hver beit barnið mitt? Það hjálpar þér ekkert að vita hver beit barnið þitt. Við erum bundin trúnaði við öll börnin, líka þitt barn, þegar hegðunarvandamál koma upp. Flest börn bíta önnur börn eða fullorðna einhvern tímann á þessum aldri. Við búumst við þessari hegðun og teljum hana eðlilega og þess vegna ræðum við hana ekki við foreldra fyrr en þetta er orðið vani (gerist daglega yfir x-langt tímabil) Við segjum þér frá aðstæðunum þegar barnið þitt var bitið, hvernig við brugðumst við og hvað við gerum til að draga úr líkunum á því að þetta endurtaki sig.	**Barnið mitt sagði mér hver beit það og við ætlum að taka á þessu sjálf og hafa samband við foreldrana.** Við skiljum vel að það sé erfitt að fá barnið heim með tannafar og að þér finnist þú vera hjálparlaus en við teljum svona viðbrögð óþörf og óviðeigandi. Barnið var ekki í umsjá foreldra þegar það beit og að ræða við barnið um bit sem átti sér stað fyrir mörgum klukkustundum getur frekar ýtt undir að barnið endurtaki það (þar sem það fær sérstaka athygli fyrir þetta, þótt hún sé neikvæð). Við erum því ekki að láta vita af biti til að hægt sé að ræða um það heima heldur til að foreldrar geri sér grein fyrir því sem er að gerast og geti jafnvel útskýrt það (breytingar heima fyrir, tanntaka eða annað)
Hvað gerist ef barn hættir ekki að bíta? Það fer allt eftir hvers vegna barnið er að bíta. Ef barnið virðist mjög vansælt höldum við fund með foreldrum og leitum lausna. Ef það gengur ekki fáum við aðstoð frá sérfræðingum (barnalækni, sálfræðingi eða öðrum)	**Hverjar eru öryggis-og heilsufarsráðstafanir ykkar?** Flest börn eru með bólusetningar í lagi. Í flestum tilfellum er því nóg að kæla sárið með rökum klút. Ef sárið er opið og það blæðir þarf að fylgjast með hvort það er óvenjumikill hiti eða sláttur í sárinu og hvort barnið fær hita og þá þarf að leita læknis. Eins þarf að leita samstundis til læknis ef stórt stykki er bitið úr.

Íris Dögg Jóhannesdóttir HighScope kennari

HighScope-hugvekjan:
Barnið þitt var bitið!

Af hverju bíta börn og leiðir til að bregðast við - Leikskólinn

- **Þreyta**
  Vertu viss um að dagskipulagið og umhverfið bjóði upp á hvíld inn á milli.
  Vinnið með foreldrum til að tryggja að hvert barn fái næga hvíld.
- **Tanntaka eða könnun skynfæranna**
  Fáðu upplýsingar um hvort foreldrar séu að nota eitthvað fyrir auma góma þegar börnin eru að taka tennur. Kynntu þér hvað er í boði (ólyfseðilskyld lyf og aðrar lausnir) og bjóddu upp á naghringi, kalda þvottapoka eða annað sem er gott fyrir börn að naga. Minntu börnin á að það sé gott að naga þetta og þetta geti hjálpað þeim. Bjóddu upp á fjölbreyttan og nægilegan efnivið sem höfðar til skynfæranna og þrífðu hann reglulega. Ef börnin eru á réttum aldri, bjóddu þeim þá ólíkan mat til að þjálfa kjálkavöðvana og þjálfa þau í að tyggja.
- **Forvitni eða tilraunastarfsemi**
  Farðu yfir efniviðinn til að tryggja að börnin hafi mörg tækifæri til að kanna og uppgötva orsök og afleiðingu. Efniviður til að fylla, tæma, sturta, hella, draga, ýta, toga, snúa og ýta á takka eru mikilvægir fyrir tilraunastarfsemi þeirra. Notaðu orð til að lýsa fyrir barninu því sem er að gerast. Hjálpaðu barninu að finna öruggar og jákvæðar leiðir. Hafðu nokkur eintök af efnivið sem er sérlega áhugaverður og vinsæll.
- **Skilningur á stað og stöðu hvers og eins í heiminum**
  Minntu barnið á að fara varlega í kringum aðra. Hjálpaðu því að skilja hvernig það er að vera of nálægt (þegar barn er of nálægt öðru barni og þú sérð að því líður ekki vel með það segir þú einfaldlega: *Honum/henni finnst ekki gott að hafa einhvers svona nálægt sér* eða *Hann/hún vill ekki hafa einhvern svona nálægt sér).* Þegar börnum finnst of margir í kringum sig og þrengt að þeim gætu þau brugðist við með að bíta.
  Vertu viss um að deildin bjóði upp á svæði fyrir hópastarf, samverustund og staði þar sem börnin geta verið ein. Börnin þurfa að fá tækifæri til að fara upp og niður, yfir, undir og í gegnum. Lýsið því sem þau eru að gera á meðan.
  Fyrir börn sem eiga erfitt með að vera í stórum hópi þarf að hafa svæði sem þau geta verið ein með það sem þau vilja kanna/leika með. Vertu viss um að deildin bjóði upp á svæði fyrir ærslaleik, rólegan leik og mjúkt svæði.
- **Þörf fyrir sjálfstæði, vald og stjórn**
  Bjóddu börnunum upp á takmarkaða en raunhæfa valmöguleika. Hjálpaðu barninu að fylgja valinu sínu eftir. Hlúðu að sjálfshjálpargetu barnsins og bjóddu því sönn tækifæri fyrir þau til að aðstoða þig. Gerðu þér grein fyrir að á sama tíma og barnið vill vera þarna og láta hlutina gerast , þá vill það vera nálægt þér, vera öruggt. Það getur verið erfitt að „halda og sleppa“. Bjóddu upp á efnivið sem reynir á kraftana. Bjóðið upp á efnivið sem er hægt að sturta og fylla, aftur og aftur og aftur. Taktu eftir jákvæðum tilraunum barnanna við að öðlast sjálfstæði og bentu þeim á það.

Íris Dögg Jóhannesdóttir HighScope kennari

HighScope-hugvekjan:
Barnið þitt var bitið!

- **Þörf fyrir öryggi og væntumþykju**
  Vertu viss um að dagskipulagið sé stöðugt og fyrirsjáanlegt en nægilega sveigjanlegt til að koma til móts við þarfir hvers og eins. Vertu fyrirsjáanlegur í viðbrögðum þínum. Vertu viss um að umhverfið sé hlýlegt og notalegt. Hafðu stöðugleika í starfsmannahópnum og vertu viss um að hvert barn fái tækifæri til að vera hjá þeim kennara sem það vill helst vera hjá.
  Veittu börnunum sérstaka athygli þegar þau koma og fara.
- **Eftirherma**
  Mundu að eftirherma er mikilvægt nám og börn herma eftir bæði góðri og slæmri hegðun. Vertu mjög ákveðin í að sýna börnum aðra, jákvæðari leið til að mæta þörfum sínum. Vertu viss um að börnin læri hvernig þau geta tekist á við og stjórnað tilfinningum sínum, hvort sem það er reiði, pirringur eða gleði. Segðu frá þínum eigin viðbrögðum við ólíkum tilfinningum og sýndu árángursríkar leiðir til að leysa málin. Talaðu við foreldra um hvernig þeir leika við börnin og vertu viss um að það sé enginn leikur sem felur í sér að bíta/éta einhvern/eitthvað (taka út lög/söngva þar sem er verið að éta einhver – 5 litlir apar, Krókódíll í lyftunni osfrv)
- **Erfiðleikar við að ná stjórn á áköfum tilfinningum eða oförvun**
  Að bregðast við áköfum tilfinningum er erfitt nánast alla barnæskuna en það getur verið sérlega erfitt þegar orðaforðinn er takmarkaður og börnin eru að deila athygli og efnivið með stórum hópi barna. Ung börn geta bitið þegar þau eru pirruð, reið, áhyggjufull eða jafnvel glöð. Lærðu að þekkja þessar tilfinningar barnanna á deildinni þinni svo þú getir hjálpað barninu að ná sér niður. Lærðu að þekkja skapgerð hvers og eins til að þú getir brugðist við á styðjandi hátt.
  Kenndu barninu leiðir til að róa sig sjálft. Bjóddu upp á leiðir til að róa sig eftir ærslaleik, bjóddu upp á hluti sem róa barnið þegar það er í uppnámi, hrætt eða stressað. Vertu viss um að aðferðir þínar séu skipulagðar og mæti þörfum einstaka barns. Forðastu langan biðtíma (ekki meira en 3 mínútur) og skipuleggðu skiptingar fram í tímann. Kenndu börnunum orð sem þau geta notað í staðinn fyrir athafnir og hjálpaðu þeim að læra og nota þessi orð.
  Notaðu tónlist og hreyfingu sem skemmtilegan „ákafan“ leik. Tónlist er líka mikilvæg til að ná sér niður.
  Vertu viss um að útivera sé hluti af daglegu skipulagi.

Íris Dögg Jóhannesdóttir HighScope kennari

HighScope-hugvekjan:
Barnið þitt var bitið!

Að halda ró sinni í aðstæðum sem valda uppnámi

Þegar börn bíta

- Bregðist rólega en snögglega við. Skildu barnið sem beit og barnið sem var bitið að ef það er nauðsynlegt.
- Það fer eftir aðstæðum hverjum þú sinnir fyrst. Ef það er mögulegt, snúðu þér fyrst að barninu sem var bitið og leyfðu barninu sem beit að fylgjast með hvað gerist.
- Vertu ákveðinn (**ekki** ásakandi) þegar þú segir við barnið sem beit***:"Það er vont að vera bitinn. Það þarf að hætta að bíta. Þú mátt bíta í matinn/púðann osfrv..."***
- Róaðu og huggaðu barnið sem var bitið. Sýndu samúð og sýndu og segðu að þér þyki leitt að barnið hafi verið bitið. Veittu þá aðstoð sem þarf (kaldur þvottapoki, plástur osfrv...)
- Þegar barnið sem beit hefur róast, vertu þá ákveðin og vísaðu í þetta tiltekna atvik og notaðu nafn barnsins. Þú gætir t.d. sagt:
  - ✓ ***"Þú beist X með tönnunum þínum og það er vont"***
  - ✓ ***„Þú varst mjög reið(ur) þegar X tók boltann af þér og þú beist hann/hana. Þú getur ekki haft boltann ef þú bítur til að fá hann"***
  - ✓ ***„Þú vildir fá það sem X var með en það er ekki í lagi að bíta, það er svo vont. Ef þú vilt fá dótið þá skal ég hjálpa þér að leysa vandamálið"***
  - ✓ ***„Hann/hún var ekki búin að leika með það, það þarf að spyrja hvort þú megir núna prófa það/fá það"***
  - ✓ ***„Það var svo gaman hjá þér að þú beist X. Það er vont að vera bitin(n). Næst þegar það er svona gaman þarftu að passa að bíta ekki"***
  - ✓ ***„Ég veit/sé/skil að þig langar líka að leika með boltann. Það er ekki í lagi að bíta til að fá hann, segðu má ég prófa?***

Íris Dögg Jóhannesdóttir HighScope kennari

- Næsta skref fer eftir kringumstæðunum. Það er þó alltaf nauðsynlegt að bæði þú og barnið hafið róað ykkur áður en þið haldið áfram. Það fer eftir atvikum hver næstu skref þín verða.
  Þú gætir reynt eftirfarandi:
  - ✓ Ef barnið sem var bitið leyfir, gætir þú leyft barninu sem beit að gera eitthvað til að hjálpa þeim sem var bitinn að líða betur. Það gæti faðmað það eða gefið því eitthvað sem það vill fá. Ekki neyða börnin til þess ef þau vilja það ekki. Leyfðu barninu sem var bitið að hafa kost á því að segja „nei, takk." Það er alveg eðlilegt að börn sem hafa verið bitin séu hvekkt og þau eiga ekki að þurfa að vera knúsuð af þeim sem var að bíta þau.

  - ✓ Viðurkenndu tilfinningar barnsins og hjálpaðu því svo að finna sér eitthvað að gera. Bjóddu upp á takmarkaða möguleika. ***„Það er pirrandi að þurfa bíða eftir dótinu sem þig langar að leika með. Núna máttu fara á svæði A eða B. Ég skal hjálpa þér að finna stað"***

  - ✓ Viðurkenndu tilfinningar barnsins og bjóddu þeim eitthvað annað en að bíta. ***„Þú varst mjög reið(ur) þegar X tók bílinn sem þú varst með. Næst skaltu segja við X „nei, ég er með hann/ég er að leika með hann/ekki taka."*** Vertu nálægt barninu og æfið ykkur og farið svo að finna eitthvað að gera.

Ekki neyða barnið til að segja fyrirgefðu og ekki refsa.

Hvorugt er vænleg leið til árangurs og breytir ekki hegðun barnsins. Refsingar eins og bíta til baka, láta barnið bíta í sápu, setja pipar á tunguna eða setja barnið í „einangrun" eru leiðir sem barnið lærir ekkert af. Við þurfum að kenna því leiðir til að skipta þessari hegðun út fyrir aðra og það gerist ekki með því að einangra barnið, skamma það eða refsa. Það þarf að kenna því félagslega hegðun og styðja það í að taka fyrstu skrefin í félagslegum samskiptum rétt eins og við styðjum og hvetjum þegar þau taka fyrstu skrefin, byrja að tala, borða osfrv.

Íris Dögg Jóhannesdóttir HighScope kennari

HighScope-hugvekjan:
Barnið þitt var bitið!

Það þarf að veita barninu sem beit meiri athygli þegar það er ekki að bíta. Taka utan um það, tala um það jákvæða sem það er að gera, brosa, leika og tala við barnið um annað en bitið og það neikvæða.

- Vertu nálægt og fylgstu með hvað barnið gerir.
- Skráðu bitið
- Róaðu þig niður, andaðu rólega og endurskoðaðu þetta atvik og þessa upplifun.

Börn bíta ekki af því þau eru vondar manneskjur heldur af því þau hafa takmarkaðan orðaforða, eru að kanna hluti og umhverfið, taka tennur, verja sig, vilja fá eitthvað, eru þreytt, svöng, pirruð, æst eða hafa þörf fyrir væntumþykju en kunna ekki réttu leiðina!

Að halda ró sinni!

- Mundu eftir að anda
- Mundu að það að bíta er því miður ekki ólíkleg hegðun hjá 2ja ára börnum á leikskóla
- Mundu að börn leita eftir öruggri höfn – sem er oftast sá kennari sem þau treysta best.
- Mundu að það eru engar töfralausnir til til að láta börn hætta að bíta
- Mundu að viðbrögð þín skipta sköpum við að draga úr bitum
- Mundu að ung börn geta lært að mæta þörfum sínum á viðeigandi hátt
- Mundu að veita umhverfinu, dagskipulaginu og efniviðnum athygli þegar þau reynir að skilja ástæður þess að barn/börn eru að bíta
- Mundu að hafa þarfir og þroska barnsins/barnanna í huga þegar þú reynir að skilja ástæður þess að barn/börn eru að bíta
- Mundu að gera foreldra meðvitaða um þær aðferðir og þann stuðning sem þú veitir barninu
- Mundu að þú hefur aðferðir til að koma í veg fyrir bit og bregðast við óæskilegri hegðun
- Mundu að fá sjálf(ur) stuðning þegar þu ert að/hefur tekist á við aðstæður sem koma þér í uppnám
- Mundu eftir að anda!!!!

Íris Dögg Jóhannesdóttir HighScope kennari

HighScope-hugvekjan:
Barnið þitt var bitið!

Ef barn heldur áfram að bíta

- Samvinna kennara og leikskólastjóra til að finna leiðir til að bregðast við síendurteknum bitum.
- Fylgstu vel með barninu, leitaðu að mynstri. Fylgstu með hvað barnið var að gera, hvar það var og með hverjum. Reyndu að skilja samhengið.
- Spurðu foreldra barnsins sem er oft að bíta hvernig og hvenær þeir vilja fá að vita ef bit á sér stað-það er erfitt og leiðinlegt fyrir foreldra barns sem er oft að bíta að þurfa að heyra það á hverjum degi, gerið samkomulag um að fara alltaf yfir stöðuna í lok vikunnar. Þau vita að barnið er gjarnt á að bíta, þið vitið að það er að gerast og það er óþarfi að tala um það á hverjum degi ef þið eruð með aðgerðaráætlun og eruð að taka á málunum.
  Láttu alla foreldrana vita og fullvissaðu þá um að þið séuð að bregðast við og hvernig (t.d. með því að senda þeim þetta skjal)
- Vertu viss um að væntingar þínar til barnsins sér raunhæfar
- Íhugaðu hvernig uppröðunin er á deildinni. Skoðaðu stærð svæðanna (of mikið/lítið pláss?) og skynsamlega uppröðun á deildinni. Vertu viss um að efniviðurinn sé aðgengilegur og það sé nægilegt pláss fyrir leik. Er nógu gott flæði á deildinni?
- Skoðaðu efniviðinn. Er nægilega fjölbreyttur efniviður sem hefur ólíka áferð? Er efniviðurinn nógu fjölbreyttur og krefjandi? Er hægt að skipta út efnivið og bjóða af og til upp á nýja reynslu? Er nægilegur efniviður miðað við fjölda barna? Eru nóg af þeim efnivið sem er hvað vinsælastur? Er nóg af efnivið án þess að hann sé yfirþyrmandi eða of örvandi? Er efniviður sem reynir á styrk, krafta, stjórnun og tilraunastarfsemi? Vertu viss um að bjóða upp á efnivið sem styrkir kjálkavöðvana og örvar munninn (blásturshljóðfæri, sápukúlur osfrv..)
- Skoðaðu dagskipulagið. Er það fyrirsjáanleg og alltaf eins? Er lítill biðtími? Er tími fyrir hópastarf, samverustund, maður á mann tíma? Er annað í boði í hópastarfi/samverustund? Veittu samsetningu hópsins athygli, eru þar einstaklingar sem eiga erfitt með að ná saman? Er tími fyrir kennarastýrð verkefni? Veittu því athygli þegar börnin koma og fara úr leikskólanum, þá eru börn oft viðkvæm.

Íris Dögg Jóhannesdóttir HighScope kennari

HighScope-hugvekjan:
Barnið þitt var bitið!

- Skoðaðu samskipti þín við hvert og eitt barn. Hugsaðu um hvernig þú styður og sýnir samhyggð með hverju og einu barni. Íhugaðu hvernig þú kemur inn í heim hvers og eins og hjálpar til við að byggja hann. Vertu jákvæð(ur) og ljúf(ur) við hvert og eitt barn. Vertu fyrirmynd í tilfinningalegum samskiptum. Sýndu börnunum aðferðir til að róa sig sjálf og veittu þeim stuðning og huggun á erfiðum tímum. Kenndu börnunum hvað þau geta gert í staðinn fyrir að bíta, og fullvissaðu þau um að þú munir vera til staðar og hjálpa þeim að læra þær. Fullvissaðu börnin um að þú sért til staðar, þau séu örugg hjá þér og geti reitt sig á þig. Sýndu börnum sem hafa verið bitin hvernig þau geta varið sig með því að setja hendina út og segja **NEI** eða **STOPP**.
- Fylgstu vel með hegðun barnsins á meðan þú innleiðir viðbrögð þín við biti. Skráðu bæði jákvæð og neikvæð viðbrögð. Skráðu allt sem þú hefur gert.
- Gefðu áætlun þinni tíma til að virka. Ákveddu hversu lengi þú ætlar að skrá og fylgjast með áður en þú breytir einhverju. En mundu að þetta gerist ekki á einni nóttu, þetta getur tekið tíma.
- Endurmetið eftir umsamdan tíma. Láttu foreldra vita hvernig gengur.
- Leitaðu upplýsinga og ráða annarsstaðar. Styðjið hvert annað.
- Mundu hversu mikilvægu starfi þú sinnir daglega. Mundu að það að bíta eru því miður ekki ólíkleg hegðun hjá 2ja ára börnum.
- **Mundu að það er alltaf von og það kemur alltaf nýr dagur ☺**

Íris Dögg Jóhannesdóttir HighScope kennari